



Framtíðarauður

31. maí 2024

Stýring D

Hverjum hentar leiðin

Hentar þeim sem þola þó nokkrar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, t.d þeim sem eiga mikið eftir af starfsævi sinni eða þeim sem vilja aukið vægi hlutabréfa. Leiðin er hluti af ævileið og hentar þeim sem eru 41-50 ára og geta tekið aukna áhættu með hærri ávöxtunarmöguleikum.

Markmið

Markmið Stýringar D er að ná góðri áhættudreifingu og skila stöðugri ávöxtun með fjárfestingum í innlánum fjármálafyrirtækja, verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum, hlutabréfa auk erlendra verðbréfa.


Sveiflur í ávöxtun (MRM Flokkun)*

3 af 7



Áhættumælikvarðinn sýnir tengsl milli áhættu og mögulegrar ávöxtunar. Mælingin byggist á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur s.l. 5 ár.

Eignasamsetning*



* horft í gegnum sjóði

Helstu eignir

Storebrand Global Indeks	5,3%
Innlán – fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir ISK	4,6%
Ríkissjóður Íslands 16.02.2026	4,4%
Vanguard ESG Developed World	4,2%
Seilern Stryx World Growth	3,8%
IS Ríkisskuldabréf löng	3,8%
Ríkissjóður Íslands 15.11.2028	3,8%
Ríkissjóður Íslands 01.07.2030	3,6%

Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa	58%
Meðaltími skuldabréfa	4,5

Fjárfestingarheimildir




- Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð
- Skuldabréf og bæjar- og sveitarfélaga
- Hlutabréf
- Önnur verðbréf og sértryggð skuldabréf
- Innlán í bönkum og sparisjóðum

Árlegt umsýslugjald Framtíðarauðs er 0,5%


Helstu áhættuþættir

Allar fjárfestingar bera með sér áhættu. Í Stýringu D er það skuldara-, vaxta- og markaðsáhætta auk gjaldmiðlaáhættu að hluta. Reynt er að draga úr þessum áhættuþáttum með góðri eignadreifingu.

Gengisþróun



Gengisbreytingar



4404900

sereign@islandsbanki.is

201 Kópavogi

Hagasmára 3

islandsbanki.is

Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í fjárfestingarleiðum getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Samantekt þessi er einungis birt í upplýsingaskyni og felur ekki í sér ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu. Framtíðarauður er séreignarsparnaður Íslandsbanka, þar sem inneign réttihafa er stýrt í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. **Árlegt umsýslugjald Framtíðarauðs er 0,5% af heildareign réttahafa.** Íslandsbanki hf. kt. 491008-0160 er viðskiptabanki sem starfar samkvæmt lögum nr.161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur heimild til að starfa sem vörsluaðili lífeyrissparnaðar.



Sveiflur í ávöxtun (MRM Flokkun)

Áhættumælikvarðinn sýnir tengsl milli áhættu og mögulegrar ávöxtunar. Mælingin byggist á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur s.l. 5 ár. Flokkunin sýnir hvar sjóðurinn er staðsettur á skalanum 1-7 þar sem 1 merkir minnstu áhættuna sem ber yfirleitt lægri ávöxtunarmöguleika og 7 merkir mestu áhættuna sem ber yfirleitt hærri ávöxtunarmöguleika. Athugið að flokkur 1 merkir ekki að fjárfesting sé áhættulaus. Flokkunin getur breyst fyrirvaralaust og bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

MRM stendur fyrir "Market Risk Measurement" og framkvæmd skv. framseldri reglugerð framvæmdastjórnar ESB 2017/653.